

Verðlaunaverk **Huga Guðmundssonar** um **Djárnann á Myrká** í sögugerð Ragnheiðar Gestsdóttur er frumflutt á tónleikunum í dag í nýrri símfónískri gerð. Kammergerð verksins vann til fyrstu verðlauna í tónsmíðasamkeppni Norrænna músíkdaga í Finnlandi haustið 2013. Þema keppinnar var Ævintýri í tónum þar sem innsend verk áttu að byggja á norrænum ævintýrum eða þjóðsögum og höfða til barna á aldrinum 6 - 12 ára. Þrátt fyrir að **Djárninn** sé hin eina sanna íslenska draugasaga er það Guðrún sem sigrar að lokum og amman sem er í hlutverki sögumannsins stillir frásögninni í hóf þannig að hlýja og glettni jafnt sem spenna ríkja í verkinu.

Frá tónskáldinu, Huga Guðmundssyni:

„Það runnu á mig tvær grímur þegar dórnnefndin í tónsmíðakeppni Norrænna Músíkdaga í Finnlandi valdi tillögu mína um barnaverk, byggða á sögunni um Djárnann á Myrká. Þetta var saga sem mér fannst bæði heillandi og óhugguleg sem barn og því vissi ég að það væri erfitt að finna einhvern milliveg sem myndi passa. Ragnheiður Gestsdóttir hafði lausnina; að setja þjóðsöguna inn í aðra sögu og skapa þannig mátulega fjarlægð frá mesta óhugnaðinum án þess að breyta sjálfri sögunni. Þetta endaði með því að verkið vann keppnina og var flutt bæði á finnsku og sænsku en hljómar nú í fyrsta sinn á íslensku og í búningi fyrir fullskipaða símfóníuhljómsveit.“



Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur og myndlistarkona hefur hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar á löngum ferli sínum en árið 2005 hlaut hún Norrænu barnabókaverðlaunin. Framlag Ragnheiðar til íslenskra barnabókmennta er ríkulegt og má þar nefna söngva- og textasöfn, vinsælar barna- og unglingabækur og fjöldan allan af kennslubókum sem hún hefur skrifað og myndskreytt. Ragnheiður færði **Djárnann á Myrká** í þann skemmtilega og áhrifaríka sögubúning sem við heyrum á tónleikunum í dag.

Sverðdansinn eftir **Aram Khatsjaturjan** er fullur af gáska og fjöri frá upphafi til enda. **Sverðdansinn** kemur úr ballettinum **Gayane** þar sem dansararnir sýna listir sínar með riddarasverðum í lokaþætti verksins. Hér er það öll hljómsveitin, með slagverkið í fararbroddi, sem er þanin til hins ýtrasta og eru það því hljómsveitarmeðlimirnir sjálfir sem eru í hlutverki hetja og valkyrja.



Tónskáldið og hljómsveitarstjórinn **Jerry Goldsmith** samdi tónlist fyrir fjölda sjónvarpsþátta og kvikmynda eins og *Aplánetuna*, *Alien*, *Gremlins*, *Rambo*, *L.A. Confidential* og *Mulan*. Hetjumyndin **Mulan** segir frá ungrri kínverskri stúlku sem dulbýr sig sem stríðsmann og berst við Húna til þess að endurheimta heiður fjölskyldu sinnar. Í **Mulan**-svítunni hljóma ægífögur stef og laglínur sem sameina töfra vestrænnar og austurlenskrar tónlistar.



Vilhjálmur Tell, síðasta ópera **Rossinis**, naut strax mikilla vinsælda og var færð upp síendurtekið en var stytta í hvert skipti þar sem upphafleg lengd hennar var um sex klukkutímar. Óperan gerist í Sviss á 13. öld og segir frá frelsishetjunni Vilhjálmum Tell. Það er lokaþáttur forleiksins sem við heyrum á tónleikunum með glæsilegum lúðraköllum, taktfastri hrynjandi og grípandi burtreiðarstefjum – tónlist sem hljómar vissulega kunnuglega enda meðreiðarsveinn margra hetja á hvíta tjaldinu.

Á döfinni

Dimmalimm og Svanavatnið

Lau. 25. apríl 2015 » 14:00

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara kynnir
Nemendur úr Listdansskóla Íslands
Gradualekór Langholtskirkju

Listmálarinn Muggur samdi ævintýrið um Dimmalimm handa lítilli íslenskrri frænku sinni. Gullfallegum myndum málarans verður varpað upp meðan á flutningi ævintýrsins stendur við tónlist Atla Heimis Sveinssonar. Tónleikunum, þar sem hversdagsleikinn er hvergi nálægur, lýkur á völdum þáttum úr Svanavatninu eftir Tsjaikovskíj þar sem nemendur úr Listdansskóla Íslands koma fram.



www.sinfonia.is

[f](#) [ig](#) [t](#) @icelandsymphony #tonsprotinn

LITLI TÓNSPROTINN

HETJUR OG VALKYRJUR

LAUGARDAGURINN 14. FEBRÚAR 2015



HETJUR OG VALKYRJUR

Tónleikar í Eldborg 14. febrúar 2015 >>14:00

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara kynsir og sögumaður

John Williams Ólympísk lúðraköll
Hugi Guðmundsson Djákninn á Myrká
John Williams Raiders March
Aram Khatsjaturjan Sverðdansinn
Jerry Goldsmith Svíta úr Mulan
Gioacchino Rossini Vilhjálmur Tell, forleikur



Bernharður Wilkinson

Þegar Benni var lítill strákur var hann áskrifandi að Superman-teiknimyndablöðum sem hann fékk í hverri viku. Superman var í miklu uppáhaldi hjá honum vegna þess að hann sigraði alltaf vondu karlanna og svo gat hann flogið! Einnig kítlaði Denni dæmalausi hláturtaugarnar þar sem hrekkir eins og að setja salt í sykurarið og fleira áttu uppá pallborðið hjá Benna. „Ekki taka þetta bókstaflega og taka hann ykkur til fyrirmyndar.“ Með hetjukveðjum, Benni.



Hugleiðing Barböru um hetjur og valkyrjur:

Hetjur geta birst á mismunandi vegu; hetja getur verið sá sem lánar þér í strætó, einhver sem er alltaf glaður eða einhver sem hefur hugrekki til að gráta. Hetja getur verið tónskáld sem þú fílar, íþróttamaður sem þig langar að líkjast og manneskja sem berst fyrir fallegum og réttlátum heimi. Allir geta verið hetjur og valkyrjur.



Bandaríska tónskáldið, píanóleikarinn og hljómsveitarstjórinn **John Williams** er í hópi merkustu kvikmyndatónskálda sögunnar. Williams hefur samið tónlist fyrir ógrynni kvikmynda og má þar nefna *Stjörnustríð*, *Superman*, *Indiana Jones* og *Harry Potter*. Enginn, fyrir utan Walt Disney, hefur hlotið jafn margar Óskartilnefningar fyrir störf sín í kvikmyndageiranum.

Ólympísku lúðraköllin samdi Williams fyrir sumarólympíuleikana í Los Angeles 1984 og hafa þau verið einkennisstefleikanna síðan. Þar njóta málmblasturshljóðfærin sín til hins ítrasta og leika málmbláसारar Sinfóníuhljómsveitarinnar af svölum Eldborgar til að undirstrika mikilfengleikann sem fylgir lúðraköllunum þeirra.

Indiana Jones-lagið, **Raiders March**, hefur fylgt fornleifafræðingnum og ævintýramanninum frá upphafi og er erfitt að ímynda sér að hetjunni fylgi nokkur önnur tónlist en einmitt þessi. Marsinn er í þremur köflum þar sem í upphafi hans og endi má heyra lag Indiana Jones en í miðhlutanum er það stef Marions sem ræður ríkjum. Vinsældir laga tónskáldsins má rekja til hversu grípanði þau eru og hvernig þau fanga þær persónur sem þau standa fyrir eða lýsa.

Hljómsveit á tónleikum

- | | |
|--|--|
| 1. FIÐLA
Nicola Lolli
Zbigniew Dubik
Ágústa María Jónsdóttir
Mark Reedman
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Pálína Árnadóttir
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Andrzej Kleina
Kristín B. Ragnarsdóttir | ÓBÓ
Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir |
| 2. FIÐLA
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Ólöf Þorvarðsdóttir
Roland Hartwell
Þórdís Stross
Greta Guðnadóttir | KLARÍNETT
Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson |
| VÍÓLA
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Kathryn Harrison
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Sarah Buckley
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Þórarinn Már Baldursson | SAXÓFÓN
Peter Tompkins |
| SELLÓ
Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Júlía Mogensen | FAGOTT
Michael Kaulartz
Rúnar Vilbergsson |
| BASSI
Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson | HORN
Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir
Rakel Björt Helgadóttir |
| FLAUTA
Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau | TROMPET
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson |
| | BÁSÚNA
Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff |
| | TÚBA
Nimrod Ron |
| | HARPA
Katie Buckley |
| | PÍANÓ/CELESTA
Anna Guðný Guðmundsdóttir |
| | PÁKUR
Eggert Pálsson |
| | SLAGVERK
Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Kjartan Guðnason |
| | ÞEREMÍN
Frank Aarnink |

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavíkurborg

Arna Kristín Einarisdóttir framkvæmdastjóri
Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Una Eyþórsdóttir mannaútsstjóri
Margrét Sigurðsson fjármálafultrúi
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Grimur Grimsson sviðsstjóri

Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri umsjón Litla tónsprótans
Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Margrét Ása Jóhannsdóttir nátna- og skjalavörður
Valgerður Árnadóttir umsjónarmaður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri